



## Ársskýrsla 2016 – 2017

### Litla Lúðró - Stjórnandi      Andreas H. Fossum

Litla Lúðró starfaði í tveimur hópum í vetur, A- og B-hópi.  
Á haustönn voru hóparnir svona skipaðir:

#### LL-A hópur

##### Æfingar á mánudögum kl. 14:44-15:30 – Fyrsta æfing 12. september

Flauta	Katla Júlía Kristjánsdóttir (hætti í LL um áramót) Hera Guðrún Ragnarsdóttir (kom inn eftir jól)
Klarinett	Kristjana Ósk S. Hjaltalín Adda Sigríður Ásmundsdóttir (kom inn eftir jól) Embla Rós Elvarsdóttir (kom inn eftir jól)
Básúna	Hjalti Jóhann Helgason Helga Sóley Ásgeirsdóttir (fór að spila á básúnu um áramót – og melodiku til skiptis)
Melodika	Helga Sóley Ásgeirsdóttir
Píanó	Íris Anna Sigfúsdóttir Íris Ísafold Sigurbjartsdóttir Matthildur María Jónsdóttir
Slagverk	Ágústa Arnþórsdóttir Ragnheiður Emma Einarsdóttir

#### LL-B hópur

##### Æfingar á þriðjudögum kl. 14:44-15:30 - Fyrsta æfing 13. september

Klarinett	Helga María Elvarsdóttir
Altsaxófónn	Veronika Ósk Þrastardóttir
Kornett	Elinbjört Kristín Oddsdóttir (hætti um áramót) Helena María Ægisdóttir
Píanó	Jóhanna María Ægisdóttir
Slagverk	Ívar Leó Hauksson Magni Blær Hafþórsson (hætti um áramót)

## Beir sem hættu í Litlu Lúðró sumarið 2016:

Oliwia Aleksandra Lukasik  
Valdís María Eggertsdóttir  
Gestur Alexander Baldursson  
Magnús Máni Egilsson  
Ari Bergmann Ægisson  
Ólafur Birgir Kárason (fór í Stóru Lúðró)

## Stóra Lúðró

**Stjórnandi Anastasia Kiakhidi** (kom til landsins 1. október)

**Æfingar á fimmtudögum kl. 16:44-18:30 - Fyrsta æfing 20. október**

Þverflauta	Theodóra Björk Ægisdóttir
Klarinett	Guðrún Bergmann Agnarsdóttir Margrét Lilja Álfgeirsdóttir
Altsax	Ísól Lilja Róbertsdóttir Sigurður Guðmundsson
Kornett/trompet	Dagný Inga Magnúsdóttir Hallfreður Lárus Helgason Haukur Páll Kristinsson (spilaði aðeins á jólatónleikum) Jakub Jozef Kunicki (utan skóla – kom inn um áramót)
Horn	Birta Sigþórsdóttir (althorn) Sara Rós H. Róbertsdóttir (franskt horn)
Básúna	Salvör Mist Sigurðardóttir
Píanó	Halldóra Margrét Pálsdóttir
Rafbassi	Hólmgeir Þorsteinsson, kennari Ingimar Þrastarson (frá áramótum)
Slagverk	Jóel Bjarki Sigurðarson Jón Grétar Benjamínsson Ólafur Birgir Kárason Hafþór S. Guðmundsson, kennari

## Víkingasveitin

Engin Víkingasveit starfaði í vetur en flestir sem voru í Víkingasveitinni í fyrra fóru í **Stórsveit Snæfellsness í FSn**. Frá áramótum tók Andreas H. Fossum við stjórnun stórsveitarinnar og Símon Karl Sigurðarson stjórnaði nokkrum lögum á vortónleikunum líka.

Nöfn þeirra nemenda sem æfa með stórsveitinni í vetur:

Altblokkflauta	Jóhanna K.G. Hjaltalín
Klarinett	Guðrún Bergmann Agnarsdóttir
Alt-sax.	Ísól Lilja Róbertsdóttir
Tenorsax.	Anna Soffía Lárusdóttir (ekki í tónó)
Trompet	Haukur Páll Kristinsson
Rafbassi	Jón Glúmur Hólmgeirsson
Slagverk	Jón Grétar Benjamínsson

## Nýjungar

Fljótlega eftir áramót lauk smíði á sviði í salnum sem setur mikinn svip á salinn. Það var LL-B sem fékk þann heiður að æfa fyrst á sviðinu!

Keypt var ný básúna með F-ventli á árinu.

## Foreldrafélag

Aðalheiður Steinunn Sigurðardóttir, Helga Guðmundsdóttir, María Alma Valdimarsdóttir, Sólbjört Gestsdóttir og Þröstur Gunnlaugsson héldu öll áfram í stjórn fram að áramótum en tilkynntu að þá vildu þau hætta. Aðalheiður, Helga og Þröstur voru tilbúin að setja nýja stjórn inn í hlutverkið.

Eftir áramót kom nýtt fólk í stjórn: Róbert Arnar Stefánsson og Menja von Schmalensee, Erla Friðriksdóttir og Þórný Alda Baldursdóttir (gjaldkeri).

Starf foreldrafélagsins var hefðbundið á þessu ári, haldið var utan um æfingabúðir og búningamál. Félagið tók að sér að selja veitingar á Degi tónlistarskólanna 27. febrúar (verð 1000 f. fullorðna og 500 fyrir grunnskólabörn, frítt fyrir yngri börn). Aðrar hefðbundnar fjáraflanir héldu áfram, s.s. sala á flatkökum og friðarkertum.

## Starfsárið 2016-17

**12. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Litlu Lúðró A-hópi

**13. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Litlu Lúðró B-hópi

**20. október** Fyrsta æfing haustsins hjá Stóru Lúðró

(ath. Anastasia kom ekki til starfa fyrr en 1. október)

**18. nóvember (föstudagur) – Æfingabúðir Litlu Lúðró**

**B-hópur** æfði kl. 16:00, **A-hópur** kl. 17:00 og svo voru tónleikar kl. 17:00.

Eftir tónleikana var svo pizza-party fyrir lúðrasveitirnar OG tónleikagestina

**19. nóvember (laugardagur) – Æfingabúðir Stóru Lúðró**

Skipulag æfingabúðanna var svipað og verið hefur áður hjá Martin. Mæting var kl. 9:44 og byrjað að æfa kl. 10:00. Tónleikar boðaðir kl. 17:30 og pizza-party eftir tónleika fyrir lúðrasveitarfélagi OG tónleikagestina.

Veitingar: Súpa í hádeginu, pizza í kvöldmat (fyrir alla), ávextir og grænmeti í hressingu eftir sundferðina.

Eftir kvöldmatinn var svo ferðasagan til Englands rifjuð upp með sögum og myndasýningu sem Haukur Páll og Jón Grétar sáu um.

**Hausttónleikar – féllu niður**

Af ýmsum ástæðum var ákveðið að fella niður hausttónleikana að þessu sinni, m.a. vegna tímaskorts þar sem Anastasia komst svo seint til landsins.

**9. desember – Jólaheimsókn í leikskólann kl. 10:00**

LL-B hópur heimsótti leikskólanna og spilaði nokkur lög.

**9. desember – Tendrað á jólatrénu kl. 18:00**

Andreas fór með nokkra nemendur sem spiluðu nokkur jólalög. Einnig fór Hólmfríður með nokkra krakka úr „söngsal“ sem sungu jólalög.

**15. desember - Jólatónleikar tónlistarskólans í Stykkishólmskirkju kl. 18:00**

Allar sveitirnar tóku þátt í þessum tónleikum.

LL-A hópur spilaði: *Spánn og Jólaklukkur*

LL-B hópur spilaði: *Lúðrasveitin mín og Heims um ból*

Stóra Lúðró spilaði: *Jólasveinar ganga um gólf og Jólin allstaðar*

**25. febrúar – Dagur tónlistarskólanna í Stykkishólmskirkju**

Lúðrasveitin kom ekki fram á þessum tónleikum, en foreldrafélagið sá um kaffisölu.

**3. mars (föstudagur) – Æfingabúðir Litlu Lúðró**

Hefðbundnar æfingabúðir og dagskrá svipuð og á æfingabúðunum í haust. Foreldrafélagið sá um veitingarnar eins og áður.

#### 4. mars (laugardagur) – Æfingabúðir Stóru Lúðró

Hefðbundnar æfingabúðir, um kvöldið sá foreldrafélagið um grillpartýið og svo var kvöldvaka. – Veitingarnar voru krökkunum að kostnaðarlausu.

#### 3. apríl – (mánudagur) Hljóðfærakynning og tónleikar í leikskólanum

Haldin var hljóðfærakynning og tónleikar fyrir leikskólabörnin í tónlistarskólanum. Þar komu fram hljóðfæraleikarar úr öllum deildum skólans og svo líka LL- A og B.

#### 6. apríl – Vortónleikar í Stykkishólmskirkju

Í þetta sinn hentaði ekki að hafa vortónleikana á sumardaginn fyrsta heldur var ákveðið að hafa tónleikana síðustu vikuna fyrir páskafrí, eða fimmtudaginn 6. apríl kl. 18:00.

Allar sveitirnar komu fram:

LL-A1 hópur spilaði: *Silkeswing* (S.I. Mortensen – úts. AHF)

LL-A2 hópur spilaði: *We Shall Overcome* (óþ. höf. – úts. AHF)

LL-A (allir) spiluðu: *Rock* (E. Vannebo – úts. MM)

*Afrískur söngleikur* (þjóðlag frá Afríku – úts. AHF)

LL-A og B spiluðu: *Stykkishólmur* (erlent lag – úts. MM)

LL-B hópur spilaði:

1. *My Heart Will Go On .... James Horner, úts.: Martin Markvoll*
2. *Shenandoah ..... Þjóðlag frá Ameríku, úts.: AHF*
3. *Lúðrasveitin mín ..... Þjóðlag frá Suður-Afríku, úts.: MM*

Stóra Lúðró spilaði:

1. *Parísar mars ..... Eduardo Mezzacapo*
2. *Little talks ..... Of Monsters and Men*
3. *Circle of Life ..... Elton John*
4. *Fyndin leikur ..... (úkrainskt tónskáld) Yuri Olelko*
5. *Canon ..... Johann Pachelbel*
6. *Hey Jude ..... The Beatles*
7. *I will always love you ..... Dolly Parton*
8. *Kraken ..... Klaus Badelt / Hans Zimmer OST*
9. *Ja-Da ..... Bob Carleton – úts. Andy Clarck*

Kynnir var Erla Friðriksdóttir.

#### 7. apríl – Skólatónleikar í Stykkishólmskirkju kl. 11:10

Að þessu sinni lék Stóra Lúðró bara, þar sem Andreas var upptekinn við æfingar hjá stórsveitinni. Auk lúðrasveitarinnar voru spilaðir tveir dúettar:

- a) Hera Guðrún og Hulda Salome spiluðu *Gamli Nói* eftir C.M. Bellmann
- b) Theodóra Björk og Margrét Lilja spiluðu *Gigue* eftir J.B. Boismortier

Kynnar voru: Birta Sigþórsdóttir og Salvör Mist Sigurðardóttir (lúðrasveitarfélagar)

## **18. maí – Skólaslit Tónlistarskólans í Stykkishólmskirkju kl. 18:00**

LL-A1 hópur spilaði: *Silkeswing* (S.I. Mortensen – úts. AHF)

LL-A2 hópur spilaði: *We Shall Overcome* (óþ. höf. – úts. AHF)

LL-B hópur spilaði:

1. *Shenandoah* ..... *Þjóðlag frá Ameríku, úts.: AHF*

2. *Lúðrasveitin mín* ..... *Þjóðlag frá Suður-Afríku, úts.: MM*

Stóra Lúðró spilaði:

1. *Circle of Life* ..... *Elton John*

2. *Kraken* ..... *Klaus Badelt / Hans Zimmer OST*

## **11. júní – Sjómannadagur**

Ekki var spilað á sjómannadag að þessu sinni.

## **17. júní – Þjóðhátíðardagur**

Þjóðhátíðardagurinn var hefðbundinn hjá lúðrasveitinni (LS) og hófst hann á því að spilað var í skruðgöngu. Byrjað var fyrir utan dvalarheimilið og þaðan var gengið niður Skólastíg, upp Aðalgötu og inn í Hólmgarð þar sem hátíðin var haldin. Lúðrasveitin spilaði nokkur lög í garðinum.

Þar sem Anastasia var farin í sumarleyfi til Rússlands var samið við Evgeny Makeev tónlistarkennara í Ólafsvík að stjórna. Kom hann á tvær æfingar auk þess að stjórna á 17. júní.

Jóhanna Guðmundsdóttir

7. nóvember 2017